

## **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið**

**Ragnhildur Hjartardóttir**

**Hafnarhúsinu við Tryggvagötu**

**101 Reykjavík**

Við undirritaðir bæjarfulltrúar Álftaneshreyfingarinnar mótmælum því að nokkurs misskilnings gæti í erindi okkar frá 14. janúar sl. -stjórnsýslukæru vegna vanhæfis.

Þótt ekki sé gert ráð fyrir því að Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga fjalli á sjálfstæðan hátt um hugsanlega sameiningu Álftaness við annað sveitarfélag hefur Eftirlitsnefndin, með samningi, knúið sveitarfélagið til þess að hefja viðræður við önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu. Megin ástæða stjórnsýslukæru okkar byggir á þessari röksemd.

Auk þess hefur Eftirlitsnefndin látið framkvæma fjárhagsúttekt sem við höfum gert athugasemdir við vegna framsetningar skulda og skuldbindinga, án þess að geta um sérálit bæjarstjórnar vegna einstakra skuldbindinga sem taldar eru styrkja bæjarsjóð.

Eins höfum við gert athugasemdir vegna framsetningar á skammtímaskuldum, -þar sem ekki er getið með sama hætti skammtímakrafna sveitarstjórnarinnar. Við teljum þessa framsetningu hafa mótað umræðu um vanda Álftaness og knúið á um sameiningu sveitarfélagsins við annað sveitarfélag.

Jafnframt viljum við koma þeim athugasemdum til ráðuneytisins, sem ekki komu fram í stjórnsýslukæru okkar, að fyrirtækið R3, sem Eftirlitsnefndin réð til fjárhagsúttektar á sveitarfélaginu er samstarfsaðili KPMG, en Ólafur Nílfur var eigandi þar og starfsmaður til margra ára. Eins hefur sama fyrirtæki haft samstarf við Samband Íslenskra sveitarfélaga þar sem Þórður Skúlason nefndarmaður í Eftirlitsnefndinni var áður framkvæmdastjóri.

Ætla má því að hagsmunatengsl séu á milli hinna vanhæfu fulltrúa í Eftirlitsnefndinni og þess fyrirtækis sem ráðið var til þess að gera fjárhagsúttekt.

Eins væri ástæða til þess að upplýsa hvort Eftirlitsnefndin, einstakir nefndarmenn, starfsmaður eða starfsmenn ráðuneytisins hafi haft aðkomu að

ráðningu aðstoðarmanns bæjaryfirvalda Álftaness til að vinna að endurskipulagningu fjármála, áætlanagerð og samvinnu við Eftirlitsnefndina.

Ráðinn var aðstoðarmaður sem er endurskoðandi hjá KPMG, fyrrum samstarfsmaður formanns Eftirlitsnefndarinnar og núverandi endurskoðandi Garðabæjar. Ráðning þessi fór fram án samráðs við bæjarráð eða bæjarstjórn Álftaness og án þess að fylgja innkaupareglum sveitarfélagsins.

Þessar spurningar koma upp m.a. vegna þess að komið hefur fram í stjórnsýslu Álftaness að þar höfðu embættismenn og bæjarfulltrúar meirihlutans óformlegt samráð við ráðuneytið í aðdraganda málsins. Þarf ráðuneytið að upplýsa hvort minnisblöð voru gerð eftir þessa samráðsfundi.

Afstaða okkar er óbreytt, að nauðsynlegt sé að úrskurða um vanhæfi tveggja af þremur nefndarmönnum í Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og að erindi okkar eigi að fá efnislega afgreiðslu. Það er svar okkar vegna afstöðu ráðuneytisins til erindis okkar frá 14. janúar sl.

Að lokum áteljum við ráðuneytið fyrir að draga í tæpar þrjár vikur að svara erindi okkar án efnislegrar umfjöllunar málsatvika þegar ástæða hefði verið til að hraða afgreiðslu málsins vegna eðlis þess, en á tímabilinu var Eftirlitsnefndin að ljúka tillögugerð sinni til ráðherra um hvernig fara skyldi með mál Álftaness.

Álftanesi 11. febrúar 2010

Kristín Fjóla Bergþórsdóttir bæjarfulltrúi Á-lista

Sigurður Magnússon bæjarfulltrúi Á-lista